

Sp. 947. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]
um reglur um notkun almannaþjár til tækifærisgjafa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Eiður Guðnason,
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannaþjár hjá stofnunum í eigu ríkisins til tækifærisgjafa.

Greinargerð.

Þær upplýsingar hafa komið fram opinberlega, að opinberum starfsmanni hafi af almannaþé verið gefin tækifærisgjöf fyrir nokkur hundruð þúsund krónur. Slík ráðstöfun er fullkomlega óeðlileg og óverjandi. Ekki síst ber að fordæma slíkt á sama tíma og rekstur ríkisstofnana er fjármagnaður með erlendum lántökum. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíkt í framtíðinni er þessi tillaga flutt.